



Tillaga VR að breytingum á a. lið 49. gr. á laga ASÍ, lagt fyrir þing ASÍ sem haldið verður 14.-16. október 2026. Tillaga að breytingum er með **rauðu í textanum**

XII. kafli: Um sjúkrasjóði

49. grein

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu dagpeninga og dánarbóta úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ eða BSRB, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Þegar sótt er um dagpeninga eða dánarbætur í sjúkrasjóði nýs aðildarfélags ASÍ skal umsækjandi leggja fram yfirlit um greidda dagpeninga og dánarbætur sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 12 mánuði.

Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ, öðlast rétt til styrkja hjá nýju aðildarfélagi ASÍ skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi ASÍ skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði aðildarfélags ASÍ sl. 36 mánuði

Öllum aðildarfélögum sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum miðstjórnar. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ.

Um skil og gerð ársreikninga fer skv. 47. gr. laga þessara. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjúkrasjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal skila skrifstofu ASÍ úttekt þessari með ársreikningi viðkomandi árs.

Sjúkrasjóðir aðildarfélaganna skulu tryggja sjóðfélögum sem 1% iðgjald hefur verið greitt af í a.m.k. 6 mánuði, lágmarksbætur í veikinda- og slysatilfellum sem hér segir:

- a. Dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga, að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. **Sjúkrasjóðum er heimilt að láta fara fram mat sérfræðings eða sérfræðinga á því hvort starfsendurhæfing teljist raunhæf. Reynist starfsendurhæfing raunhæf samkvæmt mati og sjóðsfélagi hafnar þátttöku í henni, er heimilt að synja greiðslu sjúkradagpeninga.**

Skýring á breytingum á a. lið 49. gr. laga ASÍ

Megintilgangur þess að leggja fram tillögu um breytingu á 49. gr. laga ASÍ er að efla stuðning við félagsfólk og bæta þjónustu sjúkrasjóða aðildarféлага ASÍ. Lagt er til að aðildarfélögum ASÍ verði heimilt að kveða á um það í reglugerðum sjúkrasjóða að heimilt sé að synja greiðslu sjúkradagpeninga ef umsækjandi hafnar þátttöku í starfsendurhæfingu sem metin hefur verið raunhæf og líkleg til árangurs. Tillagan felur þannig í sér heimild fyrir aðildarfélög en skyldar þau ekki til að taka slíkt ákvæði upp.

Á síðustu árum hefur tíðni veikinda og fjarveru frá vinnu aukist sem kallar á markvissari stuðning og öflugri úrræði til að styðja við bata og endurkomu til vinnu. Mikilvægt er að sjúkrasjóðir geti brugðist við þessari þróun með snemmtækri aðstoð íhlutun og aukinni þjónustu sem tekur mið af þörfum félagsfólks.

Mat á fyrstu stigum veikinda hefur það að markmiði að tryggja að einstaklingar fái viðeigandi þjónustu á réttum tíma. Matið getur leitt í ljós hvort starfsendurhæfing sé raunhæfur kostur eða hvort önnur úrræði séu betur til þess fallin að styðja við bata og aukna starfsgetu. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að einstaklingurinn fái viðeigandi leiðbeiningar um þá þjónustu og þau úrræði sem best henta aðstæðum hans. Mat á því hvort starfsendurhæfing telst raunhæf skal ávallt byggja á faglegu mati óháðra sérfræðinga. Matið verður því ekki unnið af starfsmönnum stéttarfélaga heldur sérfræðingum á sviði starfsendurhæfingar, svo sem hjá VIRK eða öðrum sambærilegum aðilum.

Þegar litið er til þess hvernig regluverk um endurkomu til vinnu og aðgengi að starfsendurhæfingu er útfært í nágrannalöndum Íslands kemur í ljós að Ísland sker sig verulega úr hvað varðar aðgengi að snemmbærri starfsendurhæfingu. Rannsóknir og reynsla benda til þess að snemmtæk aðstoð geti aukið líkur á farsælli endurkomu til vinnu, stytt veikindafjarveru og dregið úr hættu á brotthvarfi af vinnumarkaði. Því lengur sem einstaklingur er frá vinnu, þeim mun meiri verða hindranir fyrir endurkomu, bæði vegna heilsufarslegra, félagslegra og sálrænna þátta. Snemmbær starfsendurhæfing getur komið í veg fyrir að einstaklingar festist í langvarandi veikindafjarveru og aukið líkur á að þeir snúi fyrr og með varanlegri hætti aftur til starfa.

Nauðsynlegt er að sjúkrasjóðir hafi heimild til að synja um greiðslu sjúkradagpeninga ef einstaklingur hafnar þátttöku í starfsendurhæfingu sem metin hefur verið raunhæf og líkleg til árangurs. Reynslan sýnir að flestir samþykkja slíka þjónustu, en í sumum tilvikum telja einstaklingar sig ekki þurfa á starfsendurhæfingu að halda eða vilja fresta þátttöku. Í ákveðnum tilvikum getur ástæða þess einnig verið sú að eðli veikindanna sjálfra stuðlar að forðun eða frestun á því að takast á við vandann, svo sem þegar um er að ræða kvíða eða þunglyndi. Slík bið getur þó dregið úr árangri, enda benda rannsóknir til þess að því fyrr sem gripið er inn í með viðeigandi úrræðum, þeim mun meiri séu líkurnar á farsælli endurkomu til vinnu.

Heimildin er fyrst og fremst hugsuð sem hvati til þátttöku í starfsendurhæfingu þegar hún hefur verið metin raunhæf. Markmiðið er ekki að synja einstaklingum um greiðslu sjúkradagpeninga heldur að hvetja þá til að nýta þá þjónustu sem talin er gefa bestu möguleika á bata og endurkomu til vinnu. Með því er leitast við að skapa raunverulega hvatningu til að hefja starfsendurhæfingu á þeim tíma þegar líklegast er að hún skili árangri. Gera má ráð fyrir að heimildinni verði aðeins beitt í undantekningartilvikum, enda felur starfsendurhæfingin í sér aukinn stuðning og þjónustu sem ætlað er að stuðla að bættri heilsu og aukinni starfsgetu. Einstaklingur hefur ávallt val um að taka þátt í starfsendurhæfingunni og þannig koma í veg fyrir að til synjunar um greiðslu sjúkradagpeninga komi.

Tillagan byggir á þeim sjónarmiðum að snemmtæk íhlutun, faglegt mat og markviss stuðningur auki líkur á árangursríkri endurkomu til vinnu. Markmið hennar er að styrkja þjónustu sjúkrasjóða og auka stuðning á fyrstu stigum veikinda með því að afla sérfræðimats á því hvort starfsendurhæfing sé raunhæfur og árangursríkur kostur fyrir viðkomandi. Sé svo metið að starfsendurhæfing sé raunhæf og líkleg til árangurs er gert ráð fyrir að umsækjandi taki þátt í þeirri þjónustu. Reynist önnur úrræði betur til þess fallin að styðja við bata og aukna starfsgetu er mikilvægt að einstaklingurinn fái leiðbeiningar og aðgang að þeirri þjónustu. Með því er leitast við að tryggja að félagsfólk fái viðeigandi stuðning á sem allra fyrstu stigum veikinda, þegar mestar líkur eru á árangri.